

Heil og sæl,

Gunnar heiti ég og vildi koma á framfæri hugmyndum mínum til að gera kosningar til embættis forseta lýðræðislegri.

Í dag notum við kerfi sem kallast FPP (e.first past the post), þar sem sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði vinnur, í fyrstu hljómar þetta einsog mjög lýðræðisleg leið. En svo kemur í ljós að einstaklingur getur unnið með 20% atkvæða, ef það eru nógu margir frambjóðendur í framboði, svo lengi sem hinir frambjóðendurnir hafi fengið minni prósentu. Það þýðir að einstaklingur sem 80% landsmanna hafi EKKI viljað sjá sem forseta vinni.

Myndi ég vilja sá annað kerfi þegar kemur að kosningum í þetta hæstvirta embætti. Þá eru nokkrar leiðir hægt að fara, í Frakklandi og öðrum löndum, eru haldnar aðrar kosningar milli 2 efstu frambjóðenda ef enginn fær meirihluta. Tel ég þó algöran óþarfa að þurfa að eyða öllum helgum í maí á kjörstað og myndi frekar vilja sjá kerfi sem kallast AV (e.Alternative Vote). Þar eru frambjóðendur númeraðir af kjósendum í þeirri röð sem þeir myndu vilja sjá þá sem forseta, frá fyrsta valmöguleika niður eins langt og maður vill fara.

Dæmi:

Anna, Bjarni, Dagur, Elín og Fríða eru í framboði til kosninga. Kalli ætlar að kjósa, honum lýst best á Önnu. Hann veit að flestir ætli að kjósa Bjarna eða Elínu. Hann er ekkert sérstaklega með eða á móti Bjarna, en honum dettur ekki í hug að búa í landi þar sem að Elín er forseti. Þegar kemur að kosningum kys hann því Bjarna, jafnvel þó svo að hann hefði frekar viljað hafa kosið Önnu.

Í AV kosningakerfi hefði hann getað skilað seðli sínum svona:

1. Anna
2. Bjarni
3. Dagur

Eftir þetta finnst honum hinir frambjóðendurnir báðir jafn lélegir og merkir því ekki neitt við þá. Ef að Anna er með fæst atkvæði þá eru hennar atkvæði tekin og þeim dreift eftir öðru vali kjósendanna, og þannig er gert áfram við atkvæði sá frambjóðenda sem er með fæstu atkvæðin þannig að til að einn frambjóðandi er eftir, eða meirihluti atkvæða er á bak við einn frambjóðanda.

Hér er útskýringarmyndband sem útskýrir þessa leið betur:

<https://www.youtube.com/watch?v=3Y3jE3B8HsE&list=PLNCHVwtpeBY4mybPkHEnRxSOB7FQ2vF9c&index=2>

Takk fyrir að lesa þennan póst frá mér.

Kær kveðja Gunnar Ásgrímsson